

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-52/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á vatnsdælu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 30. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 11. júní. Með bréfi, dags. 15. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær með bréfi, dags. 23. júlí. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau með bréfi, dags. 2. september. Með bréfi, dags. 12. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og bárust þær með bréfi, dags. 1. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. nóvember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 25. nóvember 2010 keypti álitsbeiðandi vatnsdælu af gerðinni BG-DP 6015 af seljanda fyrir kr. 17.925. Var dælan keypt í þeim tilgangi að dæla grunnvatni úr kjallara á heimili álitsbeiðanda. Tiltekur álitsbeiðandi sérstaklega að mikilvægt hafi verið að dælan stoppaði ekki lengur en í klukkustund, því ef það gerðist byrjaði að flæða inn í kjallarann. Segir álitsbeiðandi að innan við ári eftir kaupin hafi dælan eyðilagst vegna galla og hafi seljandi afhent sér nýja dælu í kjölfarið. Sú dæla hafi síðan bilað líka vegna galla hinn 13. apríl 2012. Ákvað álitsbeiðandi þá að kaupa nýja dælu af öðrum aðila en krafði seljanda um endurgreiðslu á hinni gölluðu dælu. Þeirri kröfu var hafnað, m.a. á þeim forsendum að dælan væri alls ekki gölluð. Segist álitsbeiðandi þá hafa farið með dæluna á vélaverkstæði þar sem hún var skoðuð af fagmanni og metin ónýt vegna galla.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi endurgreiði sér kaupverð dælunnar, kr.19.921, kostnað við að láta meta dæluna, kr. 4.500, mismuninn á verð nýrrar dælu sem álitsbeiðandi kveðst hafa þurft að kaupa og hinnar gölluðu dælu, kr. 19.074, þriggja tíma vinnu álitsbeiðanda vegna útréttinga við að ná fram rétti sínum, kr. 13.059 auk dráttarvaxta frá 13. nóvember 2012. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru kvittanir fyrir kaupum á tveimur dælum af seljanda, dags. 25. nóvember 2010 og 23. nóvember 2011, álitsgerð frá verkstæði, dags. 9. nóvember 2012 og kvittun fyrir kaupum á nýrri dælu af þriðja aðila, dags. 13. apríl 2012.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögmanni hans, er í fyrsta lagi, með vísan til 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, gerð sú krafa að álitsefndinni verði vísað frá þar sem kröfur álitsefndanda séu það óskýrar að þær séu ekki tækar til álitsgjafar. Næst er rakið að álitsefndandi hafi tvisvar keypt dælu af seljanda. Í fyrra skiptið hafi hann keypt litla dælu sem ætluð hafi verið til minniháttar verkefna. Hámarksnotkun á henni hafi verið rúmar 20 mínútur á klukkustund í senn, enda hafi verðið á dæluinni verið eftir því. Sú dæla hafi hins vegar að sögn álitsefndanda eyðilagst vegna „galla“ innan árs. Segir seljandi að umrædd dæla hafi litið mjög illa út og greinilega þurft að þola mikla notkun. Seljandi hafi hins vegar, í samræmi við 29. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, afhent álitsefndanda nýja dælu. Sú dæla hafi verið svipuð að stærð og sú fyrri og ekki mátt vera lengur í gangi en 20 mínútur í senn á klukkustund. Sú dæla hafi einnig eyðilagst að sögn álitsefndanda vegna „galla“ hinn 13. apríl 2012.

Seljandi segir að ljóst sé að báðar dælurnar sem álitsefndandi keypti hafi ekki verið ætlaðar til brúks í tugi klukkustunda á dag líkt og kvittanir með kvörtun álitsefndanda beri með sér. Þrátt fyrir þetta hafi dælurnar verið notaðar oft í tugi klukkustunda á dag við að dæla vatni úr blokkinni. Af þeim sökum telur seljandi allar líkur á því að meintur galli eða bilun á dæluinni hafi myndast af rangri notkun álitsefndanda á dæluinni, en ekki vegna galla. Segir seljandi það einsdæmi að dælu af umræddri gerð eyðileggist með fyrrgreindum hætti og sé álitsefndandi eini aðilinn sem hafi kvartað vegna slíkra dælna. Dælurnar hafi því bilað vegna rangrar notkunar álitsefndanda en ekki vegna galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá bendir seljandi á að hin meinti galli hafi í bæði skiptin komið upp eftir meira en sex mánuði frá því tímamarki sem áhættan af söluhlutunum fluttist yfir til neytanda og því eigi 2. mgr. 18. gr. laganna ekki við. Hafnar seljandi því öllum kröfum álitsefndanda og gerir að auki kröfum um að álitsefndandi greiði sér málskostnað. Seljandi gerir sérstaklega athugasemd við kröfu álitsefndanda um að fá greiddar skaðabætur vegna útréttinga álitsefndanda við að leita réttar síns, en það tjón sé ekki tjón sem eigi að fást bætt skv. 52. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Eins mótmælir seljandi kröfu álitsefndanda um dráttarvexti m.a. hvað varðar þá dagsetningu sem dráttarvextir eigi að miðast við þar sem enginn gjalddagi sé á kröfum álitsefndanda. Því verði ekki miðað við fyrri dagsetningu en þegar álitsefndandi leitaði álitis hinn 28. maí sl.

V

Athugasemdir álitsefndanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsefndanda við andsvör seljanda er rakið að í andsvörum seljanda komi fram að dælurnar hafi verið notaðar við að dæla vatni úr fjölbýlishúsi í tugi klukkustunda á dag. Þetta segir álitsefndandi að sé alrangt. Hann býi ekki í fjölbýlishúsi heldur í tvíbýli. Þá hafi dælurnar ekki verið notaðar í tugi klukkustunda á dag heldur í u.þ.b. fjórar sek. á hálf tíma fresti. Þá rekur álitsefndandi m.a. að hann hafi ekki átt annarra kosta vöð en að kaupa dælu hjá þriðja aðila í kjölfar þess að seljandi neitaði að afhenda sér nýja dælu eftir að sú síðari bilaði. Dælan sem keypt var af þriðja aðila hafi verið svipað afkastamikil og sú sem hann keypti af seljanda, en um helmingi dýrari. Þá gerir álitsefndandi þá auka kröfu að seljandi greiði sér kr. 10.400 vegna aksturs í tengslum við málið.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur fram að seljandi mótmæli athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör sín. Sérstaklega mótmæli seljandi kröfu álitsbeiðanda um aksturskostnað.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram ítrekun álitsbeiðanda um að notkun dælnnar hafi verið eðlileg.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi vatnsdælu af gerðinni BG-DP 6015 af seljanda hinn 25. nóvember 2010 fyrir kr. 17.925. Um ári síðar bilaði sú dæla og hinn 23. nóvember 2011 fékk álitsbeiðandi afhenta nýja dælu af gerðinni RG-DP/7525N. Sú dæla bilaði hinn 13. apríl 2012 eða tæpum fimm mánuðum eftir hina nýju afhendingu.

Álitsbeiðandi telur að dælnar hafi verið haldnar galla. Því til stuðnings hefur hann lagt fram skýrslu, dags. 2. nóvember 2012, frá löggiltum rafvertaka sem skoðaði dæluna. Í skýrslunni kemur fram að húsið utan um dælumótorinn, sem eigi að vera vatnspétt, hafi ekki verið það. Það hafi haft þær afleiðingar að raki hafi komist í rafbúnað dælnnar og þar af leiðandi slái dælan út. Engar utanaðkomandi skemmdir eða hnjask hafi hins vegar verið sjáanleg á dælnni. Seljandi hefur hins vegar haldið því fram að röng notkun á dælnni, þ.e. of mikil notkun á hverri klukkustund, hafi leitt til þess að hún bilaði. Þá hefur seljandi haldið því fram að dælan hafi verið notuð í fjölbýlishúsi. Eru fullyrðingar seljanda hins vegar ekki studdar neinum gögnum. Þessu hefur álitsbeiðandi mótmælt og því til stuðnings lagt fram myndir af þeim stað sem dælan var notuð á. Þá var dælan notuð í tvíbýli en ekki fjölbýli.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er ágreiningur um að sú dæla sem álitsbeiðandi fékk afhenda 23. nóvember 2011 er biluð. Svo sem rakið er að ofan hefur álitsbeiðandi lagt fram skýrslu löggilts rafverktaka sem skoðaði dæluna. Er niðurstaða þess aðila sú að dælan sé haldin galla. Að mati kærunefndarinnar er því umrædd dæla haldin galla í skilningi áðurrakinna ákvæða 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;

b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr

c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;

- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi endurgreiði sér dæluna. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu um að seljandi greiði sér kostnað við að láta meta dæluna, kr. 4.500, mismuninn á verð nýrrar dælu sem álitsbeiðandi kveðst hafa þurft að kaupa og hinnar gölluðu dælu, kr. 19.074, þriggja tíma vinnu álitsbeiðanda vegna útréttinga við að ná fram rétti sínum, kr. 13.059 auk dráttarvaxta frá 13. nóvember 2012. Þá gerði álitsbeiðandi einnig þá kröfu í athugasemdum við andsvörum seljanda að hann greiddi sér kr. 10.400 vegna aksturs. Kröfur álitsbeiðanda verður að líta á sem skaðabótakröfu skv. ákvæðum 33. gr. laganna. Í 33. gr. segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut og að um fjárhæð þeirra bóta fari samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Í 1. mgr. 52. gr. laganna segir orðrétt:

„Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.“

Í frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a. í skýringum við 52. gr.:

„Undir útgjöld í 1. mgr. fellur kostnaður sem aðili hefur orðið fyrir vegna vanefndanna, t.d. kostnaður vegna póst- og skeytasendinga, flutninga og ferðalaga. Einnig getur fallið hér undir kostnaður við að staðreyna tjón og umfang þess eða kostnaður við að senda hlutinn aftur til seljanda til viðgerðar. Þá getur neytandi hafa lagt í kostnað við að draga úr afleiðingum vanefnda, t.d. með því að leigja hlut í stað þess sem bæta skal. Seljandi getur orðið fyrir kostnaði vegna vanefnda neytanda, t.d. við að selja hlutinn öðrum eða við að innheimta kaupverðið.“

Útgjöld sem falla undir ákvæðið er unnt að fá bætt jafnvel þótt sá sem fyrir vanefndum verður rifti kaupum.

Þrátt fyrir að það komi ekki fram beinum orðum í frumvarpinu á aðili rétt á skaðabótum vegna ófjárhagslegs tjóns sem leiðir af vanefnd, t.d. vegna óhagræðis, tapaðs tíma og eigin vinnuframlags. Byggjast slíkar bætur á sanngirnismati. Eftir stendur þó sem aðalregla að sé ekki unnt að staðreyna neitt fjárhagslegt tjón getur ekki orðið um bætur að ræða.

Annar liðurinn sem talinn er upp í fyrri málslið 1. mgr. er tjón vegna verðmunar, en það getur t.d. komið til vegna verðsveiflna á markaði eða vegna verðmunar hjá hinum ýmsu afhendingaraðilum. Það er forsenda skaðabóta vegnar verðmunar að sammingsaðili hafi orðið fyrir tjóni af þeim sökum, en það er ekki skilyrði að hann hafi gert staðgönguráðstafanir. Sem dæmi um skaðabætur vegna verðmunar má nefna þá aðstöðu þegar neytandinn riftir kaupum vegna greiðsludráttar og verð fer hækkandi eftir sammingsgerðina þannig að hlut er einungis unnt að kaupa á herra verði. Með sama hætti getur seljandinn fengið skaðabætur vegna verðmunar þegar kaupum er rift og verð fer lækkandi eftir gerð sammingsins.“

Með vísan til ofangreinds ákvæðis laga nr. 48/2003 um neytendakaup, auk skýringa við ákvæðið, telur kærunefndin rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 17.925, en það er sú upphæð sem álitsbeiðandi greiddi fyrir dælu þá er hann keypti af seljanda hinn 25. nóvember 2010. Þá telur kærunefndin rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 4.500 vegna útlagðs kostnaðar álitsbeiðanda við að láta sérfræðing meta ástand vatnsdælunnar. Hvað varðar kröfur álitsbeiðanda um skaðabætur vegna óhagræðis og útréttinga telur kærunefndin þann lið kröfugerðar álitsbeiðanda ekki vera studdan nægum gögnum til að kærunefndin geti tekið afstöðu til kröfunnar. Álitsbeiðandi hefur einnig gert þá kröfu að seljandi greiði sér skaðabætur sem nemi mismuni á kaupverði þeirrar dælu sem álitsbeiðandi keypti af honum og

Þeirrar dælu sem hann keypti af þriðja aðila. Hvað þennan lið kröfugerðar álitsbeiðanda varðar vill kærunevndi benda á að álitsbeiðanda er skv. 54. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, skylt að takmarka tjón sitt. Geri hann það ekki er honum skylt að bera þann hluta tjónsins sem af því leiðir sjálfur. Álitsbeiðandi kaus sjálfur að kaupa dælu af þriðja aðila sem var tvöfalt dýrari en sú dæla sem hann hafði áður keypt af seljanda, þrátt fyrir að sú dæla sé, skv. því sem álitsbeiðandi segir sjálfur, sambærileg þeirri sem hann hafði keypt af seljanda. Virðist álitsbeiðandi ekki hafa kannað hvort hann gæti keypt sambærilega dælu af öðrum aðila á svipuðu verði og sú dæla sem hann keypti af seljanda. Telur því kærunevndin ekki annað fært en að hafna þessum lið kröfugerðar álitsbeiðanda.

Hvað varðar kröfu álitsbeiðanda um dráttarvexti, þá fellur það utan við valdsvið kærunevndarinnar skv. lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, að taka afstöðu til þeirrar kröfu. Skv. framansögðu er það því niðurstaða kærunevndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kr. 22.425.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y., greiði álitsbeiðanda, X, kr. 22.425.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir